



Reykjavíkurborg
mannréttindaskrifstofa

Reykjavík, 16. janúar 2017
R15060075
1360

Borgarráð

Starfshópur um innleiðingu jafnréttis- og mannréttindasjónarmiða við innkaup og samningagerð

Meðfylgjandi er erindisbréf starfshóps um innleiðingu jafnréttis- og mannréttindasjónarmiða við innkaup og samningagerð hjá Reykjavíkurborg. Erindisbréfið er sent borgarráði til upplýsingar um þá vinnu sem unnið er að vegna aðgerðaráætlunar Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum 2015-2019 og samþykkt innkauparáðs frá 29. apríl 2016 um aðgerðir til að sporna gegn vinnumansali í verksamningnum Reykjavíkurborgar.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri

ERINDISBRÉF

starfshóps um innleiðingu jafnréttis- og mannréttindasjónarmiða við innkaup og samningagerð hjá Reykjavíkurborg

Markmið

Að innleiða jafnréttis- og mannréttindasjónarmið við innkaup og samningagerð Reykjavíkurborgar.

Hlutverk

Að skipuleggja og stýra innleiðingu jafnréttis- og mannréttindasjónarmiða við innkaup og samningagerð Reykjavíkurborgar með vísan í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum 2015-2019, samþykktu í borgarstjórn þann 20. nóvember 2015, og Evrópusáttmála um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum, samþykktum í borgarstjórn þann 20. október 2009. Einnig með vísan í samþykkt innkauparáðs Reykjavíkurborgar frá 29. apríl 2016 um aðgerðir til að sporna gegn vinnumansali í verksamningum Reykjavíkurborgar.

Aðalhogsmunaaðilar

Borgarbúar

Ábyrgðaraðili

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri

Fulltrúar í starfshópi

Halldóra Gunnarsdóttir, mannréttindaskrifstofu, formaður starfshóps

Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir, fjármálaskrifstofu

Jón Pétur Skúlason, embætti borgarlögmans

Eygerður Margrétardóttir, umhverfis- og skipulagssviði

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, skóla- og frístundasviði

Verkefnisstjóri

Arnþrúður Ingólfssdóttir, mannréttindaskrifstofu

Helstu verkefni

1. Afla upplýsinga um það hvernig innleiðing jafnréttis- og mannréttindasjónarmiða við opinber innkaup og samningagerð hefur verið framkvæmd í öðrum borgum.
2. Skapa og þróa þekkingu um jafnréttis- og mannréttindasjónarmið í opinberum innkaupum og gera hana aðgengilega með vefsíðu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og aðra.
3. Samþætta jafnréttis-, mannréttinda- og umhverfissjónarmið sem finnast í stefnumótun borgarinnar, m.t.t. til sjálfbærra innkaupa.

4. Kortleggja umfang og eðli þeirra innkaupa og helstu samninga sem svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar gera.
5. Vinna áætlun um markvissa innleiðingu jafnréttis- og mannréttindasjónarmiða við innkaup og samninga Reykjavíkurborgar.
6. Móta ákvæði í stöðluðum útboðsgögnum og samningum um stefnu Reykjavíkurborgar um að virða jafnrétti, mannréttindi og umhverfi í viðskiptum á grundvelli mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.
7. Semja skilmála til að setja í stöðluð útboðsgögn þar sem bjóðendur eru hvattir til að vera með og setja sér virka jafnréttisáætlun, samanber 2. mgr. 18. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
8. Gera tillögu að fræðslu meðal innkaupaaðila hjá Reykjavíkurborg um eflingu jafnréttis-, mannréttinda- og umhverfisvitundar í opinberum innkaupum þar sem m.a. verkfæri eins og stigamatskerfi og ný ákvæði staðlaðra skilmála verða kynnt.
9. Eiga samráðsfundi við svið borgarinnar eftir því sem þörf er á.
10. Vinna að samantekt á verkefninu og setja fram tillögur að framhaldi.

Starfstími hópsins

Október 2016 til október 2019, þegar gildistími aðgerðaáætlunar Reykjavíkurborgar í jafnréttismálum rennur út.

Mögulegir samstarfsaðilar aðrir en þátttakendur í starfshópi

Stýrihópur KFS

Fulltrúar frá sviðum og öðrum innkaupaaðilum borgarinnar

Jafnréttisstofa

Verkefnastjóri kynjaðrar fjárlagagerðar og sérfræðingar í innkaupamálum hjá fjármálaráðuneytinu

FESTA, miðstöð um samfélagsábyrgð

Difi, norsk opinber stofnun um sem ætlað er m.a. að stuðla að bættum opinberum innkaupum í Noregi.

UN Global Compact, „The worlds largest corporate sustainability initiative“

CEMR, Evrópusamtök sveitarfélaga og héraða

NIKK, Norræn upplýsingamiðstöð um kynjajafnrétti

Evrópuráðið, „Intercultural cities programme“

Hópurinn kallar að auki þá til samstarfs sem þörf er á hverju sinni.

Efni til hliðsjónar m.a.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, 1980 nr. 46, 28. maí

Almenn hegningarlög 1940 nr. 19, 12. febrúar, 227. gr. a

Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum, samþ. 2009

Mannréttindasáttmáli Evrópu
Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar
Innkaupastefna Reykjavíkurborgar
Samþykkt stefnumótun Reykjavíkurborgar
Kynjakrónur: Handbók um kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð
Jöfnum leikinn: Handbók um kynjasamþættingu
Bann við mismunun. Tilskipanir ESB um jafnrétti óháð fötlun, kynþætti, þjóðernisuppruna, kynhneigð, aldri og trú/lífsskoðun
Public Procurement for Social Progress. A Social Platform guide to the EU Public Procurement Directive
Proposed Elements for taking account of the Social Considerations in Public Procurement. Study on the incorporation of Social Considerations in Public Procurement in the EU.
Buying Social. A Guide to Taking Account of Social Considerations in Public Procurement.
A Guide to Gender Impact Assessment. Evrópuráðið
Buying better outcomes. Mainstreaming equality considerations in procurement. A guide for public authorities in England. Jafnréttis- og mannréttindaráð Stóra-Bretlands
Labour clauses in public contracts. Integrating the social dimension into procurement policies and practices. Report 97 III (1B) frá ILO, Alþjóða vinnumálastofnun Sameinuðu þjóðanna